

Íþróttar- og tómstundasvið



-Starfsáætlun 2006-

*Drög
19. október 2005*



Skemmtilegur frítími!




Reykjavíkurborg

Efnisyfirlit:

Skipurit fyrir Íþróttta- og tómstundasvið	3
Inngangur	4
Hlutverk og formlegur grundvöllur ÍTR	5
Helstu verkefni 2005	6
Skrifstofa Íþróttta- og tómstundasviðs	7
Hlutverk	7
Leiðarljós	7
Helstu verkefni 2006	7
Skrifstofa tómstundamála	7
Hlutverk	7
Leiðarljós	7
Helstu verkefni 2006	8
Skrifstofa íþróttamála	9
Hlutverk	9
Leiðarljós	9
Helstu verkefni 2006	9
Fjármálapjónusta	10
Hlutverk	10
Leiðarljós	10
Helstu verkefni 2006	10
Starfsmannapjónusta	10
Hlutverk	10
Leiðarljós	10
Helstu verkefni 2006	10
Lykiltölur ÍTR	11
Stefnukort Íþróttta- og tómstundasviðs Reykjavíkur 2006	12
Skýringar við velgengnisþætti	12
Starfsmarkmið ÍTR fyrir árið 2006	15
Þjónusta	15
Fjármál	18
Verklag	19
Mannauður	22
Skorkort ÍTR 2006	24

Skipurit fyrir Íþróttta- og tómstundasvið



Inngangur

Starfsáætlun Íþrótt- og tómstundasviðs Reykjavíkur (ÍTR) er nú lögð fram í samræmi við samþykkt borgarráðs frá árinu 2004 um breytt stjórnskipulag Reykjavíkurborgar.

Í nýju stjórnskipulagi er gert ráð fyrir að á sviðinu starfi skrifstofa ÍTR, tvær fagskrifstofur, annars vegar vegna íþróttamála og hins vegar vegna tómstundamála og tvær deildir sem sinna fjármálaþjónustu og starfsmannaþjónustu.

Íþrótt- og tómstundaráð lét á árinu 2005 vinna sérstaka stefnumótun fyrir íþrótt- og tómstundamál í borginni til ársins 2010 og var hún samþykkt samhljóða í íþrótt- og tómstundaráði og borgarráði. Starfsáætlun ÍTR fyrir árið 2006 tekur mið af þessari stefnumótun og er unnin á grundvelli hennar. Í áætlunni eru sett fram árangurstengd starfsmarkmið sem fela í sér hverju beri að ná fram við framkvæmd starfsáætlunar ÍTR 2006.

Verkefni ÍTR á árinu 2006 endurspeglar af þeim stjórnsýslubreytingum sem samþykktar hafa verið, stefnumótun ráðsins og aukinni þjónustu borgarinnar í hverfum m.a. með tilkomu þjónustumiðstöðva. Fjöldmörg verkefni sem snúa að uppbyggingu mannvirkja og nýjungum í starfi bíða úrlausnar á árinu. ÍTR leitast við að koma til móts við síbreytilegar þarfir borgarbúa á vettvangi frítímans. Í frítímanum á að vera gaman en frítíminn er einnig kjörinn til að fást við þroskandi og krefjandi verkefni. Þema ÍTR fyrir árið 2006 er skemmtilegur frítími. Stefnt er að því að verkefni sviðsins á árinu stuðli að ánægju og gleði borgarbúa og bæti skilyrði til íþrótt-, útivista- og annars konar tómstundaþátttöku í borginni.

Í starfsáætluninni er lögð áhersla á að fylgja eftir meginstefnu og starfsáherslum ÍTR 2005 - 2010. Farið er yfir hlutverk og formlegan grundvöll ÍTR og helstu verkefni árið 2005. Síðan er sagt frá hlutverkum og leiðarljósum fagskrifstofa og deilda og helstu verkefnum ársins 2006. Þá eru birtar lykiltölur ÍTR, þar sem áhersla var lögð á að fjölga lykiltölum frá fyrra ári. Stefnukort ÍTR er nokkuð breytt frá fyrra ári og endurspeglar nú í ríkara mæli þjónustu ÍTR. Í kjölfar stefnukorts birtast starfsmarkmið ÍTR fyrir árið 2006 sem unnin voru í samstarfi starfsfólks fagskrifstofa og deilda. Lögð var áhersla á að aðgerðabinda starfsmarkmið og tilgreina ábyrgðarmenn og tímaáætlun. Í skorkorti er leitast við að velja einfaldar og skýrar mælingar til þess að meta árangur af starfseminni milli ára.

Hlutverk og formlegur grundvöllur ÍTR

Fagráðið íþróttá- og tómstundaráð sem fer með yfirstjórn ÍTR er skipað sjö pólitískt kjörnum fulltrúum og starfar á grundvelli samþykktar borgarstjórnar frá apríl 2005. Þjónusta ÍTR er ekki lögbundin en fjölmargt í starfseminni er háð laga- og reglugerðasetningu. ÍTR líkt og aðrar stofnanir sveitarfélaga, starfar eftir Stjórnsýslulögum nr. 37/1993 og Upplýsingalögum nr. 50/1996.

Hlutverk og þjónusta ÍTR grundvallast á samþykkt borgarstjórnar. Í samþykktinni kemur fram að ÍTR er m.a. ætlað að fara með eftirtalin verkefni á sviði íþróttá- og tómstundamála.

ÍTR:

1. Vinnur að eflingu íþróttá- og tómstundastarfs og hollrar tómstundaiðju almennings í Reykjavík og hefur samvinnu við þá aðila sem um slík mál fjalla.
2. Hefur eftirlit með rekstri íþróttá- og æskulýðsmannvirkja sem eru í eigu Reykjavíkurborgar eða Reykjavíkurborg hefur veitt styrk til, sem og rekstri sundstaða, félags- og frístundamiðstöðva og frístundaheimila og þeim mannvirkjum öðrum sem Reykjavíkurborg hefur veitt styrki til vegna framkvæmda eða reksturs á sviði íþróttá- og tómstundamála.
3. Gerir tillögur til borgarráðs að gerð og staðsetningu nýrra íþróttá- og æskulýðsmannvirkja, frístunda- og félagsmiðstöðva og frístundaheimila, ásamt tillögum um rekstur þeirra eftir því sem við á.
4. Vinnur að nýsköpunar- og þróunarstarfi á sviði íþróttá- og tómstundamála svo sem heilsuborgarverkefni og sér til þess að til séu sem gleggstar upplýsingar um íþróttá- og tómstundamál og þá þjónustu sem í boði er.
5. Er framkvæmdaráði Reykjavíkurborgar til samráðs um forgangsörðun framkvæmda á sviði íþróttá- og æskulýðsmála.
6. Annast umsjón með þjóðhátíð í Reykjavík 17. júní.
7. Vinnur að upplýsinga-, menningar- og tómstundastarfi fyrir 16-25 ára m.a. með rekstri Hins Hússins.
8. Vinnur að atvinnumálum ungs fólks í Reykjavík.
9. Hefur eftirlit með framkvæmd laga sem og reglugerða á sviði íþróttá- og tómstundamála, að því marki sem lögin leggja skyldur á herðar sveitarfélaga.
10. Fylgist með því að starfsstaðir á vegum ÍTR fari að settum reglum, veiti góða þjónustu og starfsemi þeirra sé skilvirk og hagkvæm.

Helstu verkefni 2005

- Lokið var við stefnumótun ÍTR 2005-2010 og var áætlunin samþykkt samhljóða í íþrótta- og tómstundaráði og borgarráði.
- Ný samþykkt fyrir íþrótta- og tómstundaráð var staðfest.
- Gengið var frá þjónustusamningum við 16 íþróttafélög um stuðning Reykjavíkurborgar og ÍTR við ÍBR og félögin. Samningarnir eru vegna áranna 2005 - 2008 og taka til stuðnings við ráðningar íþróttafulltrúa hjá félögum, ferðastyrkja, húsaleigu- og æfingastyrkja, vallarstyrkja og uppgjörs styrkja vegna framkvæmda og styrkja vegna skrifstofu og þjónustu íþróttafélaganna. Heildarfjárhæð vegna þessara samninga á samningstímanum er um 4.4 milljarðar króna.
- Teknir voru í notkun 4 nýir sparkvellar við Rimaskóla, Seljaskóla, Korpuskóla og Ingunnarskóla.
- Gengið var frá samningi við KSÍ um uppbyggingu og endurnýjun mannvirkja á Laugardalsvelli.
- Gengið var frá samningi við Ármann og Þrótt vegna kaupa borgarinnar á félagshúsi Þróttar í Laugardal og við Glímufélagið Ármann vegna byggingar fimleikahúss í Laugardal.
- Framkvæmdum við Íþrótta- og sýningarhöllina lauk og mannvirkið tekið í notkun í tengslum við rekstur Laugardalshallar.
- Ný 4 sæta stólalyfta var tekin í notkun í Kóngsgili í Bláfjöllum.
- Gengið var frá samningum við ÍR og Víking um flutning á starfssemi skíðasvæðanna úr Hengli í Bláfjöll.
- Parísarhjól var sett upp í Fjölskyldugarði.
- Settir voru upp þrír brettagarðar.
- Framkvæmdir hófust um uppbyggingu Hlíðarendasvæðisins í samstarfi Vals og borgaryfirvalda.
- Grasvöllur við Austurberg var tekinn í notkun.
- Tekin var í notkun 50 m yfirbyggð keppnislaug í Laugardalnum.
- Þjónustusamningar gerðir við þjónustumiðstöðvar í hverfum borgarinnar um frístundaráðgjöf.
- Nýtt frístundaheimili, Fiðrildabær við Norðlingaskóla, hóf starfsemi sína haustið 2005.
- Frístundaheimili og félagsmiðstöð rekin í nýju húsnæði í Ingunnarskóla í Grafarholti.
- Breyting á aðstöðu Hins Hússins. Upplýsingamiðlun fékk meira pláss, nýr inngangur og aðstaða til tónleikahalds bætt. Síðaver Reykjavíkurborgar fékk aðstöðu í Hinu Húsinu.
- Gengið frá samningi við Skátasamband Reykjavíkur um húsnæði skátanna við Arnarbakka og í íþróttahúsi Hagaskóla fyrir frístundaheimilin í Breiðholtsskóla og Melaskóla.
- Gengið frá samningi um húsnæði fyrir frístundaheimili fyrir nemendur í 5. – 10. bekk í Öskjuhlíðarskóla.
- Unnið var að því að bæta aðstöðu frístundaheimilanna.
- Mikil vinna fólst í því að fá fólk til starfa á frístundaheimilin. Umsóknir í frístundaheimilin hafa aldrei verið fleiri en haustið 2005 og atvinnuástandið í landinu þannig að erfitt reyndist að fá starfsfólk.

Skrifstofa Íþrótt- og tómstundasviðs

Hlutverk

Annast þjónustu við íþrótt- og tómstundaráð, stefnumótun og samskipti við stjórnsýslu borgarinnar. Nýsköpun, þróunar- og gæðamál, skjalamál, samþætting þjónustu, styrkjamál, kynningarstarf og markaðsmál eru einnig á verksviði skrifstofunnar. Tækni og öryggismálum, umhverfismálum, rannsóknnum og könnunum, tengslum við þjónustumiðstöðvar, innlendum og erlendum samskiptum, jafnréttismálum og Þjóðhátíðarnefnd/17. júní og Fjölskyldu- og húsdýragarðinum er stýrt af hálfu skrifstofunnar fyrir hönd ÍTR. Skrifstofa ÍTR hefur auk þess eftirlit með íþrótt- og æskulýðsstarfsemi sem nýtur styrkja frá Reykjavíkurborg.

Leiðarljós

Að veita góða þjónustu þeim aðilum sem leita til íþrótt- og tómstundaráðs með erindi vegna íþrótt- og tómstundamála í borginni og vegna mála sem snerta gesti og starfsmenn starfsstaða ÍTR.

Helstu verkefni 2006

- Efla markaðs og kynningarmál.
- Fylgja eftir nýsamþykktu stefnumótun.
- Vinna að jafnréttismálum meðal starfsmanna og notendum þjónustunnar.
- Tryggja að unnið sé eftir reglum um öryggismál á starfsstöðum.
- Vinna að rannsóknum og könnunum á vegum ÍTR og í samstarfi við önnur svið borgarinnar.
- Vinna að eflingu tengsla og samstarfs við þjónustumiðstöðvar.

Skrifstofa tómstundamála

Hlutverk

Hefur umsjón með fagþjónustu aðalskrifstofu við æskulýðsstarfsemi, ber ábyrgð á stefnumótun, áætlanagerð, rekstri starfsstaða og æskulýðsmannvirkja og samskiptum við fagaðila, félög og samtök um frítímaþjónustu við ungt fólk og almenning. Starfsemi sem heyrir undir skrifstofu tómstundamála árið 2006 eru 5 frístundamiðstöðvar, 18 félagsmiðstöðvar auk félags- og tómstundastarfs í skólum, 33 frístundaheimili, siglingaklúbburinn Siglunes, 4 hjólabrettagarðar, Hitt Húsið, 6 gæsluvellir, fjöldi verkefna og viðburða á borgarvísu, þar á meðal Reykjavíkurráð ungmenna, hæfileikakeppnin Skrekkur og spurningakeppnin Nema hvað.

Leiðarljós

Börnum og æskufólki standi til boða félags- og tómstundastarf sem hafi uppeldis- og menntunargildi. Áhersla er lögð á virka þátttöku, reynslunám, lýðræði og jafnræði. Sérstaklega er hugað að því að virkja til þátttöku einstaklinga sem eiga undir högg að

sækja vegna fötlunar eða félagslegra aðstæðna og að þeir hafi jöfn tækifæri á við aðra. Æskulýðsstarf ÍTR er forvarnarstarf þar sem unnið er að því að auka þekkingu og hafa áhrif á viðhorf og atferli barna og ungmenna á þann veg að þau kjósi heilbrigðan lífsstíl.

Helstu verkefni 2006

Skrifstofa tómstundamála hefur unnið starfsáætlun 2006 í samstarfi við starfsstaði skrifstofunnar. Hér birtast helstu verkefni sem þar koma fram.

- Leita leiða til að bæta aðstöðu og búnað starfsstaða tómstundamála.
- Leitast verður við að tryggja grunnþjónustu starfseminnar í hverfum borgarinnar.
- Mótuð verði framtíðarsýn fyrir grunnþjónustu á vegum skrifstofu tómstundamála í nýjum hverfum.
- Frístundaheimili í Norðlingaskóla verður starfrækt yfir vetrartímann, auk þess sem starfrækt verður sumarstarfsemi í Norðlingaholti.
- 6 gæsluvellir verða starfræktir á vegum ÍTR yfir sumartímann skv. ákvörðun borgarstjórnar, þeir eru við Malarás, Fróðengi, Arnarbakka, Njálsgötu, Rauðalæk og Frostaskjól.
- Starfstími félagsmiðstöðvanna helst ekki í hendur við lengingu skólaársins og verður það skoðað sérstaklega.
- Sumaropnun félagsmiðstöðva fyrir unglinga verði könnuð. Efla þarf forvarnir meðal unglinga yfir sumartímann. Reykjavíkurráð ungmenna hefur ítrekað óskað eftir sumaropnun.
- Vinna þarfagreiningu og endurskoða grunnþarfir í starfsemi frístundamiðstöðva, félagsmiðstöðva og frístundaheimila.
- Virkja börn, unglinga og ungmenni til þátttöku í heilbrigðu tómstundastarfi og efla sjálfstraust þeirra og félagsfærni.
- Áhersla lögð á að bæta starfsskilyrði og efla fagvitund starfsfólks frístundaheimilanna.
- Aðstaða starfsfólks í frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum í skólahúsnæði verði bætt eins og frekast er kostur.
- Lögð verður áhersla á gott samstarf við nýstofnaðar þjónustumiðstöðvar.
- Möguleikar Hins Hússins til að mæta sívaxandi þörf 16-18 ára ungmenna fyrir aðstöðu og stuðning í frítímanum verði kannaðir.
- Vinna áfram að innleiðingu á vottun á þeirri óformlegu menntun sem fram fer í félagsmiðstöðvum og Hinu Húsinu.
- Unnið verður að þróun hugmynda um útivistarsvæði við Gufunes.
- Unnið verður að því að kanna möguleika á auknu samstarfi við framhaldsskóla og háskóla til að efla fagumhverfi frítímaþjónustunnar. Unnið í samstarfi við starfsmannþjónustu ÍTR.

Skrifstofa íþróttamála

Hlutverk

Hefur umsjón með fagþjónustu aðalskrifstofu við íþróttastarfsemi, ber ábyrgð á stefnumótun, áætlanagerð, rekstri starfsstaða og íþróttamannvirkja og samskiptum við fagaðila, félög og samtök, íþróttahreyfinguna og almenning. Starfsemi sem heyrir undir skrifstofu íþróttamála árið 2006 eru 7 almenningssundlaugar, Ylströndin í Nauthólsvík, 5 íþróttamiðstöðvar, 10 sparkvellingir, 5 gervigrasvellingir, skauta og skíðasvæði auk þjónustudeildar við félög og svæði.

Leiðarljós

ÍTR stuðli að heilbrigði almennings með því að skapa einstaklingum á öllum aldri sem best aðgengi að fjölbreyttri íþróttaiðkun, alhliða líkamsrækt, skemmtun, afþreyingu og slökun. Þátttaka í íþróttum veitir einstaklingum möguleika á að þroska færni til að takast á við daglegt líf.

Helstu verkefni 2006

- Gert er ráð fyrir áframhaldandi uppbyggingu sparkvalla í hverfum. Í lok ársins 2005 eru vellingirnir 10.
- Gert er ráð fyrir flutningi á starfsemi skíðadeilda ÍR og Víkings í Bláfjöll.
- Áætlað er að hefja framkvæmdir við upphitaða og flóðlýsta gervigrasvelli hjá ÍR og Víkingi.
- Fara mun fram hugmyndasamkeppni um endurbyggingu Laugardalslaugar.
- Framkvæmdir við Hlíðarenda á vegum Vals, í samstarfi við Reykjavíkurborg, halda áfram og lýkur að hluta á árinu.
- Framkvæmdum við fimleikahús Ármanns í Laugardal er fyrirhugað að ljúki á árinu.
- Nýframkvæmdum og endurbyggingu Laugardalsvallar er áætlað að ljúka í samstarfi KSÍ og borgaryfirvalda.
- Íþrótt- og sýningarhöllin og Laugardalshöllin hefja samrekstur.
- Gert er ráð fyrir gervigrasvelli við Egilshöll í stað malar- og grasvalla.
- Viðræður eru hafnar um uppbyggingu golfvalla GR, flutning Fram í Úlfarsárdal og endurskipulagningu íþróttasvæðis Fylkis og frekari uppbyggingu íþróttamannvirkja í Grafarvogi.
- Komið verður upp skápum í búningssklefum í Árbæjarlaug og Breiðholtslaug.
- Afgreiðslutími sundlauga á sérstökum frídögum verður endurskoðaður.
- Unnið verður að nýjungum í sundlaugum sem auka munu við þá þjónustu sem fyrir er. Einnig verður áfram unnið að Heilsuborgarverkefninu í samstarfi við Orkuveitu Reykjavíkur.
- Unnið verður með ÍBR og íþróttafélögunum í borginni að því að fylgja eftir nýgerðum þjónustusamningi við þessa aðila.

Fjármálaþjónusta

Hlutverk

Almenn fjármálastjórnun, fjárhagsáætlunargerð og ráðgjöf til starfsstaða. Ábyrgð á fjárreiðum, bókhaldi, eignaumsýslu, tryggingum og almennum rekstrarþáttum.

Leiðarljós

Fjármálaþjónusta tekur mið af þörfum starfsemi ÍTR og er leiðbeinandi fyrir stjórnendur og starfsmenn.

Helstu verkefni 2006

- Starfsáætlun verði grundvöllur fjárhagsáætlunar.
- Markvissir ferlar við áætlanagerð verði innleiddir.
- Aukinni sjálfvirkni í skráningu gagna verið komið á.
- Aukin þjálfun stjórnenda.
- Bókhaldsvinnsla verður flutt í miðlæga bókhaldsþjónustu Reykjavíkurborgar.

Starfsmannaþjónusta

Hlutverk

Almenn starfsmanna- og kjaramál, starfsmanna- og launakerfi, ráðgjöf til starfsstaða og samskipti við stéttarfélög, launaafgreiðslu, atvinnumál, mannauðsstjórnun, fræðslumál, starfsþróun og Vinnumiðlun ungs fólks.

Leiðarljós

Starfsmannaþjónustan vinnur að því að ÍTR hafi alltaf á að skipa hæfum og áhugasömum starfsmönnum sem sýna frumkvæði í störfum, veita góða þjónustu og geta brugðist við síbreytilegum þörfum borgarbúa. Starfsmannaþjónustan vinnur að því að tryggja starfsmönnum ákveðin starfsskilyrði, möguleika á að vaxa og dafna í starfi og leitar leiða til að auðvelda starfsmönnum að samræma starf og einkalíf.

Helstu verkefni 2006

- Taka upp nýtt vaktakerfi í sundlaugum með það að markmiði að nýta betur mannauð og auka sveigjanleika fyrir starfsfólk.
- Koma á innri heimasíðu og gefa út fréttabréf ÍTR til þess að bæta upplýsingastreymi til starfsmanna ÍTR.
- Skoða möguleika á fleiri útfærslum á störfum t.d. með herra eða lægra starfshlutfalli, m.a. í samstarfi við önnur svið borgarinnar.
- Stuðla að bættu vinnuhverfi og aðstöðu.
- Efla fagumhverfi frítímaþjónustunnar með auknu samstarfi við menntastofnanir og stéttarfélög.
- Launadeild verður flutt í miðlæga þjónustu á vegum Reykjavíkurborgar.

Lykiltölur ÍTR	Raun 2003	Raun 2004	Raun/ áætlun2 005	Áætlun 2006
Heildarfjöldi starfsmanna hjá ÍTR (meðaltal)	694	799	845	910
- Fjöldi starfsmanna á skrifstofu tómstundamála (1.okt '05)			538	625
- Fjöldi starfsmanna á skrifstofu íþróttamála (1.okt '05)			226	210
- Annað (1.okt '05)			115	110
Fjöldi karla í starfi hjá ÍTR (1.okt '05)			342	358
Fjöldi kvenna í starfi hjá ÍTR (1.okt '05)			537	587
Fjöldi stöðugilda (meðaltal)	449	474	519	559
Fjöldi starfsfólks í fullu starfi (1.okt '05)			404	383
Fjöldi hlutastarfa (1.okt '05)			360	447
Fjöldi starfsfólks í tímavinnu (1. okt '05)			115	115
Fjöldi námskeiða á vegum fræðsludeildar ÍTR		84	100	85
Fjöldi þátttakenda á námskeiðum á vegum fræðsludeildar ÍTR Meðaltal námskeiðsstunda per þátttakenda		2241 3,8	2500 4	2200 3,5
Aðsókn að sundstöðum í þús.	1880	1845	1830	1840
Fjöldi barna á sundnámskeiðum	6450	6500	6500	6500
Fjöldi barna í sumarstarfi ÍTR		5750	4915	4915
Fjöldi áhorfenda Brúðubílsins	13200	13500	12050	12000
Frístundaheimilispláss samkvæmt áætlun		1731	2100	2100
Fjöldi barna vor			2031	2277
Fjöldi umsókna haust		2138	2277	2300
Fjöldi barna haust (október)		2017	1957	2300
Aðsókn að Ylströnd í þús.	110	120	105	110
Sumarráðningar skólafólks hjá ÍTR	523	600	478	478
Fjöldi umsókna um styrki til ÍTR	85	85	85	85
Raforkunotkun kílóvattstundir		3.967.529	4.311.913	4.311.913
Heitt vatn í rúmmetrum		1.372.270	1.284.770	1.284.770
Kalt vatn í rúmmetrum		671.287	657.242	657.242
Fjöldi ungs fólks sem tekur þátt í ungmennaráðum hverfanna	38	42	41	48
Fjöldi unglinga sem taka þátt í unglingaráðum félagsmiðstöðvanna	159	176	181	190
Fjöldi unglinga sem taka þátt í Fjör- og Léttliðaverkefnum	156	160	139	153
Ráðningar í sumarstörf hjá Vinnumiðlun ungs fólks (VUF)	1794	1989	1795	1800

Stefnukort Íþróttá- og tómstundasviðs Reykjavíkur 2006

Kjörorð ÍTR: Öflug frítímapjónusta - Ábyrg fjármálastjórnun - Samvinna og samábyrgð - Fagfólk á vettvangi frítímans

Þjónusta	Ánægðir notendur	Heilbrigðar frístundir	Óformleg menntun	Jafnræði og jafnrétti
Fjármál	Góð nýting og stýring fjármuna			
Verklag	Aðgengilegar upplýsingar um þjónustuna	Lýðræðislegir starfshættir og samstarf	Einfalt og skýrt verklag	
Mannauður	Ánægðir starfsmenn	Þekking, frumkvæði og framþróun	Samvinna, upplýsingastreymi og sveigjanleiki	

Skýringar við velgengnisþætti

1. ÞJÓNUSTA

1.1 Ánægðir notendur

ÍTR leitast við að mæta þörfum borgarbúa á öllum aldri fyrir íþróttá- og tómstundaiðkun og að almenn ánægja sé með þá þjónustu sem ÍTR býður upp á. ÍTR leggur áherslu á að aðstaða og mannvirki henti starfsemi á vettvangi frítímans og sé til fyrirmyndar í öryggis- og umhverfismálum, hollustu og heilbrigðum lífstíl.

1.2 Heilbrigðar frístundir

ÍTR stuðlar að heilbrigði almennings með því að skapa einstaklingum á öllum aldri sem best aðgengi að fjölbreyttum tómstundum. Sérstaklega er leitast við að hafa áhrif á viðhorf barna og unglunga, hvetja þau til að kjósa heilbrigðan lífsstíl og hafna lífsstíl sem einkennist af áhættu hegðun. ÍTR leggur áherslu á þá verðmætasköpun sem felst í öflugum forvarnastarfi og heilsurækt, félagsstarfi hverskonar og framlagi ungs fólks til menningar og lista.

1.3 Óformleg menntun

ÍTR lítur svo á að í frítímapjónustu ríki faglegt gildismat og þar sé farvegur fyrir óformlega menntun. Óformleg menntun felur meðal annars í sér félagslegt uppeldi og lýðræðislega þátttöku

í frístundastarfi. Unnið skal markvisst að því að efla félagsþroska barna og ungmenna og vinna gegn félagslegri einangrun hópa og einstaklinga sem eiga sér fáa málsvara í samfélaginu.

1.4 Jafnræði og jafnrétti

Þeir sem leita til ÍTR skulu njóta jafnræðis og jafnréttis. Þeir sem njóta styrkja frá ÍTR skulu ganga að skýrum og aðgengilegum starfsreglum. ÍTR sinnir eftirlits- og upplýsingaskyldu gagnvart þeim sem fá styrki til að starfa með börnum og unglingum á vettvangi frítímans. Þjónustan sem borgarþátttakendur sækja til starfsstaða ÍTR skal sniðin að fjölbreytilegum og ólíkum þörfum þeirra. Við skipulag starfssemi skal taka tillit til fjölmennings- og jafnréttisstefnu Reykjavíkurborgar.

2. FJÁRMÁL

2.1 Góð nýting og stýring fjármuna

ÍTR leggur áherslu á að úthlutun fjárheimilda í fjárhagsáætlun sé í samræmi við pólitíska stefnumörkun. Fjárhagsáætlun, starfsáætlanir, ársreikningar og ársuppgjör starfsáætlana skulu gefa skýra og aðgengilega mynd af rekstri og fjárfestingum. Mikilvægt er að sífellt sé leitað leiða til að nýta fjármuni sem best og við endurskoðun milli ára fari fram opinská og gagnrýnin umræða. Einnig er horft til þeirra möguleika sem skapast geta til hagkvæmra þjónustusamninga og samstarfs við félagasamtök og einkaaðila um uppbyggingu og rekstur starfsþátta. ÍTR leggur áherslu á verklag sem stuðlar að hagkvæmri nýtingu á eignum borgarinnar og nýtsamlegum fjárfestingum. ÍTR leggur áherslu á vandaða kostnaðargreiningu sem grundvöll að ákvörðun um starfsemi. Bornir eru saman mismunandi kostir sem til álita koma við lausn viðfangsefna og lagt mat á kosti þeirra og galla. Leitað er fyrirmynda og samanburðar við samanburðarhæf verkefni innan og utan borgarkerfisins. Mikilvægt er að ákvarðanir um stefnu í málefnum sem til skoðunar eru hverju sinni og um þjónustustig fari saman við mat á kostnaði.

3. VERKLAG

3.1 Aðgengilegar upplýsingar um þjónustuna

Upplýsingum um starfsemi, helstu verkefni og stefnumál stofnunarinnar skal markvisst komið á framfæri á aðgengilegan hátt.

3.2 Lýðræðislegir starfshættir og samstarf

ÍTR leggur áherslu á að notendur þjónustunnar eigi auðvelt með að koma með ábendingar um það sem betur má fara í starfseminni. Upplýsingar sem þannig berast skulu skráðar og skýrar verklagsreglur skulu vera til um hvernig við þeim er brugðist. Lögð er áhersla á samráð við hagsmunaaðila við stefnumótun, ákvörðunartöku og við eflingu faglegrar umræðu um málefni frítímans. Í þessu tilliti horfir ÍTR til fjögurra meginþátta: Notenda þjónustunnar, starfsfólks á vettvangi, stjórnmalamanna og sérfræðinga.

3.3 Einfalt og skýrt verklag

Mikilvægt er að verkferlar við lausn viðfangsefna séu vel skilgreindir og verklagsreglur skýrar. Hlutverk ÍTR skal vera vel skilgreint gagnvart samstarfsaðilum, sérstaklega þar sem þjónusta sviða skarast.

4. MANNAUÐUR

4.1 Ánægðir starfsmenn

ÍTR leggur áherslu á að starfsfólki líði vel í vinnunni, starfið veiti því ánægju og að starfsumhverfið sé aðlaðandi og gefandi. ÍTR setur fram starfsáætlun í starfsmanna- og jafnréttismálum þessu til stuðnings. Starfsmenn skulu fá tækifæri til að takast á við fjölbreytileg verkefni og eiga þess kost að móta starfsumhverfi sitt.

4.2 Þekking, frumkvæði og framþróun

Lögð er áhersla á að auka hæfni og þekkingu starfsmanna svo þeir geti betur fylgt hraðri þróun í frítímaþjónustu. Starfsmenn skulu fá tækifæri til starfsþróunar með þjálfun, hvatningu, virðingu og stuðningi. Símenntunaráætlanir eru tæki til að tryggja markvissa fræðslu. Auknar kröfur eru gerðar til frítímaþjónustu fyrir borgarbúa á öllum aldri í kjölfar samfélagsbreytinga síðustu ára. ÍTR fylgist með nýjungum hérlendis sem erlendis og hefur frumkvæði að samstarfi við aðra opinbera aðila, menntastofnanir og atvinnulíf.

4.3 Samvinna, upplýsingastreymi og sveigjanleiki

Lögð er áhersla á jafnræði og jafnrétti í samskiptum starfsmanna. Einnig er mikilvægt að starfsmenn hafi svigrúm til að samræma starf sitt og einkalíf. Markvisst samstarf, upplýsingamiðlun og teymisvinna eru mikilvægir þættir í starfinu og auka skilning milli aðila. Því er mikilvægt að verkferlar séu vel skilgreindir og aðgengilegir öllu starfsfólki.

Starfsmarkmið ÍTR fyrir árið 2006

1. Þjónusta

1.1 Tryggja jafnan aðgang barna og unglunga að frístundamiðstöð félagsmiðstöð, frístundaheimili, íþróttaaðstöðu og sundlaug í hverju hverfi.

Rök

Þjónusta ÍTR í íþrótt- og tómstundamálum er breytileg milli borgahluta og hverfaeininga. Rannsóknir sýna fram á forvarnargildi þess að börn og unglingar taki þátt í skipulögðum tómstundastarfi. Aðsóknatölur í frístundaheimili sýna að börn í 3. og 4. bekk sækja síður þjónustuna. Tómsundatilboð ÍTR fyrir 10-12 ára þarf að endurskoða í ljósi breytts samfélags. Aðsóknartölur sýna að unglingar og ungmenni eru í minnihluta sundlaugagesta í Reykjavík.

Velgengnisþáttur

Jafnræði og jafnrétti.

Aðgerðir:

- Vinnuhópur stofnaður sem skilgreinir þjónustustig tómstundastarfs með tilliti til jafnræðis, hvar þjónustan á að vera, hversu mikil þjónustan á að vera og aðkomu sértækra hópa að starfinu, svo sem fatlaðra og annarra minnihlutahópa.
- Vinnuhópur geri úttekt á þátttöku ungra innflytjenda/ barna innflytjenda í tómstundastarfi í borginni með því að afla upplýsinga sem nú þegar eru til hjá borginni. Upplýsingarnar verði nýttar til þess að koma betur til móts við þennan hóp í tómstundastarfinu.
- Á heimasíðum verði upplýsingar um framboð á íþrótt- og tómstundastarf í borginni á erlendum tungumálum.
- Skrá lykiltölur með tilliti til aldurs og kynjahlutfalls í öllu starfi á vegum skrifstofu tómstundamála.

1.2 Aðstaða og búnaður sé með þeim hætti að hver starfsstaður geti sinnt hlutverki sínu.

Rök

Aðbúnaði er víða ábótavant og tækjabúnaður úreltur. Við hönnun nýbygginga og uppbyggingu nýrra hverfa í borginni er mikilvægt að tryggja frá upphafi aðstöðu fyrir grunnþjónustu á vettvangi frítímans, s.s. aðstöðu fyrir frístundamiðstöð, félagsmiðstöð, frístundaheimili, íþróttahús og sundlaug.

Velgengnisþáttur

Ánægðir notendur.

Aðgerðir:

- Stofnaður verður vinnuhópur sem vinnur þarfagreiningu á grunnaðstöðu og tækjabúnaði frístundamiðstöðva, félagsmiðstöðva og frístundaheimila.
- Gera tillögur að úrbótum á aðstöðu frístundamiðstöðvanna og starfsstöðum þeirra í samræmi við skýrslu vinnuhóps.
- Kortleggja þörf fyrir aðstöðu vegna jaðaríþrótta og útivistarsvæða og móta tillögur að framtíðarlausn.
- Vinnuhópur skipaður sem skilgreinir grunnþjónustu sundlauganna upp á nýtt.
- Gera tillögur að úrbótum á aðstöðu sundlauganna í samræmi við skýrslu vinnuhóps.

1.3 Stuðla að þátttöku barna, unglunga og ungmenna í heilbrigðum viðfangsefnum í frístundum

Rök

Rannsóknir sýna að þátttaka barna og ungmenna í skipulögðu tómstundastarfi hefur mikið forvarnargildi. Einnig sýna þær fram á mikilvægi þess að ungmenni geti átt hlý og góð samskipti við fullorðna á uppvaxtarárum.

Velgengnisþáttur

Heilbrigðar frístundir.

Aðgerðir:

- Stofna vinnuhóp sem skoðar félagslega virkni 8-12 ára barna í borginni og kortleggur stöðu barnanna eftir hverfum. Vinnuhópurinn gerir svo tillögur að fyrirkomulagi á tómstundatilboði fyrir þennan aldurshóp.
- Gera tilraun með sértílbóð í laugarnar fyrir börn, unglunga og ungmenni eftir að hefbundnum skóladegi lýkur.

1.4 Virkja börn og ungmenni í að móta tómstundastarf á vegum ÍTR með það að markmiði að efla sjálfstraust þeirra og félagsfærni.

Rök

Vaxandi áhyggjur af því að börn séu of miklir þiggjendur í nútíma samfélagi. ÍTR gegnir mikilvægu uppeldishlutverki gagnvart börnum og unglingum. Í frítímanum á að vera gaman en frítíminn er einnig kjörinn til að fást við þroskandi og krefjandi verkefni.

Velgengnisþáttur

Óformleg menntun.

Aðgerðir:

- Nota árangursvottunarkerfið þor til að votta starf unglunga í unglingaráðum félagsmiðstöðvanna og ungmennaráðum hverfanna.
- Útfæra hugmyndir um barnalýðræði á aldurshópinn 6-12 ára.

1.5 Bæta þjónustu íþróttamannvirkja til að auka heilbrigði og ánægju gesta.

Rök

Gestir hafa óskað eftir aukinni þjónustu s.s. aðstöðu fyrir trimmhópa og betri veitingaþjónustu með hollustuna í fyrirrúmi. Þjónustumælingar ÍTR hafa komið vel út og mikilvægt að halda áfram að stuðla að aukinni ánægju notenda þjónustunnar.

Velgengnisþáttur

Ánægðir notendur.

Aðgerðir:

- Gerð verði úttekt á aðstöðu fyrir trimmhópa í hverri laug fyrir sig og hvað þarf að bæta.
- Gerð verði áætlun um úrbætur á aðstöðu, svo sem upphitunar- og teygjuaðstöðu með það að markmiði að hvetja fólk til þess að nýta laugarnar sem upphafs- og endastöð við hlaup eða göngur.
- Gera úttekt á veitingaaðstöðu sundlauganna, koma með tillögur til úrbóta þar sem þess er þörf til að eiga möguleika á sölu hollustuvara.

1.6 Ungt fólk á aldrinum 16-18 ára fái stuðning og leiðsögn sem geri þeim kleift að vera virkir þátttakendur í samfélaginu

Rök

Hækkun lögræðisaldursins kallar á nánari skoðun á þjónustu ÍTR við þennan aldurshóp. Í könnun sem Vinnumiðlun ungs fólks (VUF) lagði fyrir sumarið 2005 kom fram að þátttakendur teldu að VUF ætti að bjóða upp á námskeið til að styrkja ungt fólk á vinnumarkaði.

Velgengnisþáttur

Óformleg menntun.

Aðgerðir:

- Safna upplýsingum um atvinnuþátttöku, skólasókn, brottfallshópin og félagslega stöðu þessa aldurshóps og gera tillögur að því hvernig best er að ná til þessa hóps.
- VUF, Hitt Húsið og félagsmiðstöðvar í hverfum vinni sérstaklega að því að ná til einstaklinga sem ekki fara í framhaldsskóla og tilheyra brottfallshópi.
- Ungu fólki verði boðið upp á ráðgjöf varðandi námskeið sem styrkir stöðu þess á vinnumarkaði í samvinnu við Vinnumiðlun höfuðborgarsvæðisins, Mentor, æskulýðssjóð og aðra aðila.

2. Fjármál

2.1 Rekstur ÍTR verði í samræmi við fjárhagsáætlun

Rök

Tryggir að rekstur sé í samræmi við fjárheimildir.

Velgengispáttur

Góð nýting og stýring fjármuna.

Aðgerðir:

- Áætlanir greindar niður á mánuði og mánaðarleg eftirfylgni.
- Þjálfun stjórnenda í almennri fjármálastjórnun og eftirfylgni.

2.2 Launaáætlanir séu markvissar og í samræmi við mannaflaspár.

Rök

Laun eru stærsti útgjaldaliður ÍTR og því mikilvægt að áætlanagerð sé markviss.

Velgengispáttur

Góð nýting og stýring fjármuna.

Aðgerðir:

- Gerð mannaflaspár í samræmi við þjónustustig.
- Gerð launaáætlana.

2.3 Meðalálagning í sölustarfsemi ÍTR verði í samræmi við fjárhagsáætlun

Rök

Sölustarfsemi ÍTR skapi framlegð sem stendur undir föstum kostnaði.

Velgengispáttur

Góð nýting og stýring fjármuna.

Aðgerðir

- Uppgjör sölubúða fari fram 20. hvers mánaðar.
- Fækka vörunúmerum, hætta með vörur sem velta hægt.

2.4 Rekstrarkostnaður ÍTR af almennum rekstri frístundaheimilanna verði 65% af heildakostnaði

Rök

Hlutfall útgjalda Reykjavíkurborgar séu innan settra marka.

Velgengispáttur

Góð nýting og stýring fjármuna.

2. 5 Notkun orku í starfsemi ÍTR sé markviss og í sátt við umhverfið

Rök

Orka er dýrmæt auðlind og mikivægt er að hún sé nýtt í samræmi við umhverfisstefnu Reykjavíkurborgar.

Velgengnisþáttur

Góð nýting og stýring fjármuna.

Aðgerðir:

- Ná fram hagræðingu í samningum við orkusala.
- Ná fram betri nýtingu á vatnsorkunni í samræmi við aðstæður.
- Gera áætlun á innkaupum og samnýtingu á tækjum og tólum innan borgarinnar.

3. Verklag

3.1 Upplýsingar um þjónustu ÍTR séu aðgengilegar og skýrar

Rök

Í könnunum hefur komið fram að borgarbúar vita ekki nægilega vel hvaða þjónusta fellur undir ÍTR. Mikilvægt er að skýra það svo að þjónustan nýtist borgarbúum sem best. Nær allir starfsstaðir ÍTR eiga sína heimasíðu sem eru misvel uppfærðar. Mikilvægt er að forstöðumenn og deildarstjórar geti haft yfirumsjón á hverjum stað fyrir sig. Upplýsingagjöf þarf að vera í samræmi við fjölmennningarlegt samfélag. Upplýsingar um þjónustu ÍTR þurfa að vera til á fleiri en einu tungumáli. Í könnun Vinnumiðlunar ungs fólks kom fram að ungt fólk þekkir ekki nægilega vel til starfssemi hennar og að hlutverk hennar er óljóst.

Velgengnisþáttur

Aðgengilegar upplýsingar um þjónustuna.

Aðgerðir:

- Halda námskeið um vefsíðugerð fyrir forstöðumenn og deildarstjóra til þess að bæta upplýsingagjöf á heimasíðum starfsstaða ÍTR.
- Að til verði starfsskrá frístundamiðstöðva, sambærileg við námsskrá skóla. Nefnd skipuð í málið.
- Upplýsingar um opnunartíma, verð, aðstöðu og þjónustu sundlauganna séu alltaf réttar á heimasíðum lauganna bæði á íslensku og erlendum tungumálum.
- Einfalda símsvarakerfi ÍTR til að auðvelda uppfærslu á upplýsingum.
- Upplýsingar um opnunartíma og aðgangseyri sundlauganna séu sýnilegar á hverjum stað fyrir sig.
- Upplýsingar á íslensku og ensku um efnainnihald vatnsins í lauginni og sápunnar sem boðið er upp á séu sýnilegar í hverri sundlaug í samstarfi við Orkuveituna og framleiðendur sápunnar.
- Vinnumiðlun ungs fólks (VUF) kynni starfsemi sína í samstarfi við Hitt Húsið og fylgi eftir markaðsáætlun sinni.
- Ungt fólk geti fundið nýjustu upplýsingar um atvinnumál og réttindi ungs fólks á vinnumarkaði á heimasíðu VUF.

3.2 Þróa samstarf þjónustumiðstöðva, starfsstaða ÍTR og skóla**Rök**

Þjónustumiðstöðvar eru stór hluti af nýju skipulagi í þjónustu Reykjavíkurborgar og mikilvægt að byggja upp öflugt samstarf við þær til að efla þverfaglegt samstarf í hverfum borgarinnar. Einnig er mikilvægt að þróa áfram öflugt samstarf við skólana þar sem frístundamiðstöðvarnar reka í sífellt meira mæli starfsemi sína innan veggja grunnskólanna.

Velgengnisþáttur

Lýðræðislegir starfshættir og samstarf.

Aðgerðir:

- Málþing þar sem starfsfólk skóla og frístundamiðstöðva kemur saman og vinnur að hugmyndum um þróun í samstarfinu.
- Unnið að því á hverfavisu að þróa samstarf skóla og frístundamiðstöðva.
- Frístundaráðgjafi þjónustumiðstöðvarinnar góðan aðgang að frístundamiðstöðinni og geti nýtt sér aðstöðuna þar.
- Kynning á starfsemi ÍTR í hverfinu fyrir starfsfólk þjónustumiðstöðvarinnar og ósk um kynningu á starfsemi þjónustumiðstöðvarinnar til að skýra boðleiðir.

3.3 Notendur geti haft áhrif á þjónustuna**Rök**

Notendur hafi greiða leið til þess að koma á framfæri ábendingum og athugasemdum sem varða starfsemina og hafi tryggingu fyrir því að unnið verði úr þeim. Þjónusta ÍTR sé í samræmi við þarfir notenda.

Velgengnisþáttur

Lýðræðislegir starfshættir og samstarf.

Aðgerðir:

- Hópur settur í að útfæra hugmyndina um „hugmyndakassa“ í sundlaugunum og vinnulag varðandi hvernig skal unnið úr ábendingum.
- Allar sundlaugarnar eigi sitt netfang þar sem tekið er við ábendingum og auglýst er í lauginni.
- Viðhorfskönnun verði gerð meðal sundlaugargesta. Huga þarf að spurningum til þeirra sem ekki koma í sund.
- Þarfagreining á viðhorfum og þörfum ungs fólks þar sem kanna þarf hug barnanna og unglinganna sjálfra til þjónustu frístundamiðstöðvanna.

3.4 Skýra upp verkferla og gera þá sýnilega**Rök**

Gæðahandbók ÍTR er aðgengileg öllu starfsfólki ÍTR sem er með ÍTR netföng. Hún hefur ekki verið nægjanlega nýtt til þessa þrátt fyrir að þörfin sé fyrir hendi. Slík handbók gerir verkferla í starfinu sýnilega fyrir starfsfólki og minnkar álag á stoðþjónustu á aðalskrifstofu. Sérstaka áherslu þarf að leggja á að skýra upp verkferla hjá starfsmannþjónustu.

Velgengnisþáttur

Einfalt og skýrt verklag.

Aðgerðir

- Handbók verði unnin um alla starfsþætti og verkferla sem snúa að starfinu.
- Skýra upp og setja í handbók verkferla í kringum ráðningar, starfsmannasamtöl, símenntunaráætlanir og hvernig skuli bregðast við áföllum í starfi.

3.5 Gera starfsáætlanavinnu skilvirkari**Rök**

Styrkir fagið, eflir skilning almennings á mikilvægi faglegs starfs á vettvangi frítímans og veitir starfsfólki faglegt aðhald.

Velgengnisþáttur

Einfalt og skýrt verklag.

Aðgerðir:

- Hver starfseining geri starfsáætlun fyrir árið/önnina og hafi helstu starfsáherslur sýnilegar á heimasíðu sinni.
- Aðsóknartölum verði haldið til haga í öllu starfi, sérstaklega í íþróttahúsum og unglingastarfi.
- Að starfsstaðir skili ársskýrslum til skrifstofustjóra á ákveðnu formi sem skrifstofustjórar senda forstöðumönnum.

4. Mannauður

4. 1 Bæta upplýsingastreymi til starfsmanna

Rök

Viðhorfस्कannanir meðal starfsmanna ÍTR sýna að bæta má upplýsingastreymi til starfsmanna en 73% starfsmanna telur það mjög og frekar gott. Rannsóknir sýna að gott upplýsingastreymi stuðlar að aukinni starfsánægju og gagnkvæmu trausti milli starfsmanna og stjórnenda.

Velgengnisþáttur

Samvinna, upplýsingastreymi og sveigjanleiki.

Aðgerðir

- Koma á innri heimasíðu, þar sem meðal annars er tilkynnt um mannabreytingar og helstu viðburði. Þar verði hægt að komast inn á handbók ÍTR.
- Gefa reglulega út rafrænt fréttabréf ÍTR, Táp og fjör.

4. 2 Auðvelda starfsfólki að samræma starf og einkalíf

Rök

Þessi þáttur hefur verið mældur í viðhorfस्कönnun starfsmanna ÍTR síðan 1998. Árið 2003 sögðust 82% eiga auðvelt með að samræma starf og einkalíf. Hins vegar hefur starfsfólk í vaktavinnu átt erfiðar með að samræma starf og einkalíf. Áriðandi er að stjórnendur séu meðvitaðir um mikilvægi sveigjanleika, s.s. að auðvelda fólki að samræma starf og einkalíf þar sem kostur er. Metnaður og áhugi hefur verið hjá ÍTR fyrir því að auðvelda starfsfólki að samræma starf og einkalíf og mikilvægt að halda því áfram.

Velgengnisþáttur

Samvinna, upplýsingastreymi og sveigjanleiki.

Aðgerðir:

- Nýtt vaktakerfi í sundlaugunum.
- Halda starfsdag meðal stjórnenda hjá ÍTR þar sem rætt er um leiðir til að auðvelda starfsfólki samræmingu á starfi og einkalífi.

4. 3 Bæta vinnuaðstöðu

Rök

Rannsóknir sýna að aðstaða hefur áhrif á ánægju starfsfólks. Í síðustu viðhorfस्कönnun starfsmanna frístundaheimila kom fram að 29.1% þátttakenda telur aðstöðu mjög og frekar slæma.

Velgengnisþáttur

Ánægðir starfsmenn.

Aðgerð:

- Stofna öryggisnefnd sem stuðlar að bættu vinnuumhverfi og aðstöðu.

4.4 Bæta starfsskilyrði og starfsánægju

Rök

Starfsfólk sem býr við góð starfsskilyrði s.s. breytilegt starfshlutfall og hefur möguleika á að takast á við fjölbreytileg verkefni er ánægðara í starfi. Við slík skilyrði minnkar starfsmannavelta og stöðugleiki eykst sem og fagmennska í starfi. Kannanir hafa sýnt að ánægt starfsfólk veitir betri þjónustu. Þjóða þarf upp á stærri starfshlutföll í samstarfi barnastarfs og unglingastarfs og einnig í samstarfi við skóla.

Velgengnisþáttur

Ánægðir starfsmenn.

Aðgerð:

- Gera tilraun til eins árs meðal ákveðins fjölda starfsmanna um sveigjanlega samsetningu starfa. Kanna þarf möguleika á sveigjanleika í samsetningu starfa og starfshlutfalla hjá ÍTR og stefna á samstarf við aðrar borgarstofnanir um samsetningu starfa.

4.5 Efla og þróa fagumhverfi frítímaþjónustunnar

Rök

Breytingar í samfélaginu kalla á aukna þörf fyrir fagfólk á vettvangi frítímans. Sérstaklega er þetta mikilvægt í ljósi þess að frítímaþjónustan sækir ekki viðmið sín í skilgreint fag- og lagaumhverfi líkt og skólar og velferðarþjónusta. Til þess að fá færara fólk þarf að skoða fagumhverfið.

Velgengnisþáttur

Þekking, frumkvæði og framþróun.

Aðgerðir:

- Nefnd skipuð til kanna möguleika á auknu samstarfi við framhaldsskóla og háskóla, með það að markmiði að bjóða upp á fleiri námsbrautir, styttr og lengri, fyrir fólk sem vill starfa á vettvangi frítímans og að hafa áhrif á það nám sem nú þegar er í boði.

4.6 Styðja betur við innflytjendur sem starfa hjá ÍTR

Rök

Fjölgun hefur orðið á innflytjendum í starfi hjá ÍTR og því er mikilvægt að koma til móts við breyttar áherslur. Mikilvægt að gagnkvæmur skilningur sé milli ólíkra menningarhópa til að auka skilning og samstarf starfsfólks. Eðli starfsemi ÍTR býður upp á fjölbreytileika í frítímaþjónustu.

Velgengnisþáttur

Ánægðir starfsmenn.

Aðgerðir:

- Grunnnámskeið á ensku sem er hannað fyrir starfsfólk sem hefur annað móðurmál en íslensku / sem hefur annan menningarlegan bakgrunn.
- Fræðsla fyrir starfsmenn um fordóma og fjölmennningarlegt samfélag.

Skorkort ÍTR 2006

Velgengnisþættir	Mælikvarðar	Raun 2005	Markmið 2006
Þjónusta			
Ánægðir notendur	Hlutfall foreldra sem telja börn sín ánægð í sumarstarfi ÍTR Hlutfall foreldra sem telja börn sín ánægð á frístundaheimilunum ÍTR Hlutfall unglunga sem eru ánægðir með starfsemi félagsmiðstöðvarinnar í sínu hverfi Hlutfall sundlaugagesta sem eru ánægðir með þjónustu sundlauga ÍTR Hlutfall borgarbúa sem eru ánægðir með þjónustu sundlauga ÍTR	85%	87%
Heilbrigðar tómstundir	Hlutfall barna og unglunga sem eru í skipulögðu íþrótta- og tómstundastarfi		
Óformleg menntun	Fjöldi þor verkefna		5
Jafnræði og jafnrétti	Fjöldi unglunga, sem eru innflytjendur eða sem eiga foreldra sem eru innflytjendur, í sértækum verkefnum eða í almennu hópastarfi á vegum frístundamiðstöðvanna Hlutfall stelpna og stráka í starfi frístundamiðstöðvanna, frávik frá 50%		> 10% <
Fjármál			
Góð nýting og stýring fjármuna	Frávik frá fjárhagsáætlun Frávik frá launaáætlun – ekki meira en 1% yfir áætlun Orkukostnaður lækki Hlutfall ÍTR í almennum rekstri frístundaheimila á móti dvalargjöldum Þjónustugjöld fylgi verðlagsþróun Meðalálagning sölustarfsemi sé í samræmi við fjárhagsáætlun - frávik		> 1% < < +1% 3% <65% >5%< < -2%
Verklag			
Aðgengilegar upplýsingar um þjónustuna	Hlutfall borgarbúa sem telur upplýsingar um þjónustu ÍTR aðgengilegar (spurningavagn)		
Lýðræðislegir starfshættir og samstarf	Hlutfall stjórnenda þjónustumiðstöðva sem eru ánægðir með samstarf við ÍTR Hlutfall stjórnenda í grunnskólunum sem eru ánægðir með samstarf við ÍTR Hlutfall forystumanna í íþrótta- og æskulýðshreyfingunni sem eru ánægðir með samstarf við ÍTR		
Einfalt og skýrt verklag	Fjöldi verkferla í gæðahandbók ÍTR Hlutfall starfsstaða sem hafa upplýsingar úr starfsáætlun inni á sinni heimasíðu	10	30 100%
Mannauður			
Ánægðir starfsmenn	Hlutfall starfsmanna sem eru ánægðir með starf sitt		90%
Samvinna, upplýsingastreymi og sveigjanleiki	Hlutfall starfsmanna sem telur upplýsingastreymi gott Hlutfall starfsmanna sem eru ánægðir með samstarf og samskipti Hlutfall starfsmanna sem eru ánægðir með vinnuáðstöðu sína Hlutfall starfsmanna sem eiga auðvelt með að samræma starf og einkalíf		75% 85% 76% 82%
Þekking, frumkvæði og framþróun	Hlutfall starfsmanna sem telur sig geta haft áhrif á starf sitt		88%